

# **Fulltrúar klúbba hlutverk og skyldur**

**Soroptimistasamband Íslands  
september 2007**

**Vinsamlegast afhentu möppuna næsta fulltrúa ásamt öðrum gögnum!**

## STÖRF FULLTRÚA

### HLUTVERK - SKYLDUR

1. Fulltrúaráðið fer með yfirstjórn Landssambandsins (sjá V. grein Landssambandslaga). Það er skipað tveimur fulltrúum frá hverjum klúbbsi sem kosnir eru samkvæmt XIII. grein klúbblaga. Fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Þá má endurkjósa einu sinni og kjósa aftur til starfa eftir a.m.k. tveggja ára hlé. Kjörtímabil þeirra hefst 1. október.
2. Fulltrúar skulu sækja fulltrúaráðsfundi sem boðað er til. Ef fulltrúi forfallast skal hann sjá til þess að varafulltrúi sæki fundinn í hans stað. Fulltrúi skal setja staðgengil sinn vel inn í málin og afhenda honum tilskilin gögn. Ef hvorugur varafulltrúi getur mætt, getur hinn fulltrúi klúbbsins farið með tvö atkvæði en það þarf að tilkynna fyrir upphaf fundar.
3. Mál sem fulltrúar vilja koma á dagskrá Landssambandsfundar fyrir hönd síns klúbbs þurfa að berast ritara Landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir Landssambandsfund.
4. Fulltrúar fá gögn varðandi fulltrúaráðsfundi (Landssambandsfundi) frá Landssambandsstjórn í síðasta lagi 40 dögum fyrir Landssambandsfund. Þeim er skylt að kynna sér efni þeirra vel og ráðgast við stjórn klúbbsins um afstöðu til mála sem fyrir fundinum liggja, svo og kosninga til embætta á vegum Landssambandsins. Þeim er jafnframt skylt að sjá til þess að allir klúbbsfélagar séu upplýstir um innihald skýrsla embættismanna Landssambandsins. Þeir fylgjast þannig vel með málefnum sambandsins.
5. Á Landssambandsfundi taka fulltrúar afstöðu til og afgreiða eftirfarandi mál:
  - ársskýrslu forseta
  - skýrslur nefnda
  - skýrslur verkefnastjóra
  - reikninga sambandsins
  - fjárhagsáætlun
  - laga- og/eða reglugerðarbreytingar (ef um slíkt er að ræða)
  - mál sem stjórnin leggur fram
  - tillögur klúbba
  - málefni Evrópusambandsins sem lögð hafa verið fram, kynnt af sendifulltrúum.
6. Á Landssambandsfundi kjósa fulltrúar eftirfarandi:
  - stjórn Landssambandsins
  - nefndir
  - verkefnastjóra
  - sendifulltrúa
  - endurskoðendur
  - aðra embættismenn
7. Á Landssambandsfundi skulu fulltrúar kynna málefni og sjónarmið síns klúbbs. Þeir koma fram fyrir hönd klúbbsins.
8. Að loknum fulltrúaráðsfundi (Landssambandsfundi) skulu fulltrúar gefa skýrslu (skriflega) á klúbbsfundi eins fljótt og unnt er, kynna þau mál sem um var fjallað, samþykktir fundarins og svara spurningum klúbbsystra.
9. Fulltrúar sitja stjórnarfundum í sínum klúbbsi, a.m.k. fjóra á ári, sbr. IX. grein, 3. lið í klúbbslögum.

10. Fulltrúar skulu hafa í huga að starf þeirra er mikilvægt og þeir þurfa jafnan að fylgjast með málefnum sambandsins. Áhugasamir og duglegir fulltrúar eru aflvakar allrar starfsemi innan sambandsins og klúbbanna.
11. Kona getur ekki gefið kost á sér í embætti sendifulltrúa nema hún hafi áður gegnt embætti fulltrúa.
12. Kalla ber saman auka-fulltrúaráðsfund ef einhver eftirtalinna aðila fer fram á það (sjá V. grein, lið 3c í Landssambandslögum):
  - a) forseti
  - b) stjórn Landssambandsins
  - c) 25 % fulltrúa
  - d) sendifulltrúar.
13. Fulltrúum er bent á að kynna sér vel V. grein Landssambandslaga.

## RÉTTINDI

1. Ef fulltrúar þurfa að sækja fundi meira en 40 km. veg fá þeir greiddan ferðakostnað, þ.e. fargjald og gistingu samkvæmt reikningi. Ef farið er á eigin bíl er greitt hálf kílómetragjald skv. viðmiðun Ríkisskattstjóra. Alltaf skal velja ódýrasta ferðamátann (sjá reglugerð Landssambandslaga, 13. grein, lið 1b).
2. Fulltrúar hafa rétt til setu á öllum stjórnarfundum í sínum klúbbi sem ráðgjafar. Þeim er skylt að sitja a.m.k. 4 fundi samkvæmt IX. grein klúbblaga.
3. Klúbbstjórn ber skylda til að láta fulltrúa vita um alla stjórnarfundum og leyfa þeim að fylgjast með starfsemi klúbbsins og bréfaskiptum sem fara á milli hans og Landssambandsstjórnar.
4. Stjórn Landssambandsins boðar Landssambandsfund með skriflegri dagskrá með minnst 30 daga fyrirvara.
5. Ritari Landssambandsins sendir fulltrúum klúbba mál sem hafa borist og öll gögn í síðasta lagi 40 dögum fyrir Landssambandsfund.